

notarii publici ætlaði af landi burt sama daginn og stefnan til yfirdómsins var birt honum, hefur hvorki mætt nje mæta látið eptir stefnunni. Með því að dómi þessum þannig er stefnt til staðfestingar í aðalefni hans og hinn stefndi ekki hefur gagnstefnt honum til breytingar, nje einu sinni mætt hjer fyrir rjettinum, þá getur ekki orðið spurning um að rannsaka lögmæti dómsins að því leyti sem áfrýjandanum er veittur rjettur til að vinna eið að barnsfaðernislýsingu sinni, heldur ber að staðfesta politirjettardóminn þannig, að ekki sje settur annar frestur fyrir að eiðurinn sje unninn, en hinn almenni fjárnámsfrestur. Málskostnaður virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður fyrir báðum rjettum. Hinum skipaða talsmanni áfrýjandans greiðist 15 krónur úr opinberum sjóði í málsfærslulaun. Flutningur málsins fyrir yfirdóminum sem gjafsóknarmáls hefur verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði politirjettardómur á óraskaður að standa, þó svo, að hinn tiltekni frestur fyrir eiðnum falli burtu. Málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður. Hinum skipaða talsmanni áfrýjandans Páli málflutningsmanni Melsted, bera 15 krónur í málsflutningslaun, er lúkist honum úr opinberum sjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 18. nóvembermán.

Nr. 21/1878:

Rjettvísni

gegn

Rannveigu Jóhannesdóttur og Eypóri Felixsyni.

## Dómur:

Með aukarjettardómi Reykjavíkur kaupstaðar gengnum 12. septbr. þ. á. eru hin ákærðu Rannveig Jóhannsdóttir og Eypór Felixson dæmd til fangelsis hegningar við venjulegt fangaviðurværi, Rannveig í 5 daga, en Eypór í 10 daga fyrir hneixlanlega sambúð þrátt fyrir áminningu amtsins um að skilja, svo og til eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, og þar á meðal málaflutningslaun handa hinum setta talsmanni þeirra 10 krónur.

Þessum dómi hefur samkvæmt beiðni hinna ákærðu verið áfrýjað til yfirdómsins.

Máli þessu er þannig varið. Hinn 4. dag októbermán. 1877 var hinum ákærðu, Rannveigu Jóhannsdóttur og Eypóri Felixsyni, birt áminningarbrjef hlutadeigandi amtmanns um að slíta þegar sambúð sinni, með því hún væri talin hneixlanleg, og skyldu þau ekki upp frá því mega búa í sama húsi, eins og þeim líka var gefið til kynna, að það varðaði hegningu samkvæmt 179. gr. alm. hegnl., ef þau þrátt fyrir þessa áminningu hjeldu áfram hneixlanlegri sambúð sinni. Eptir að búíð var að birta þeim áminninguna flutti Rannveig skjótt úr húsi Eypórs; þó flutti hún aptur í hús hans eptir mánaðar tíma vegna húsnæðisleysis að því hún hefur frá skýrt. Voru hin ákærðu svo í sama húsi, nema að svo miklu leyti sem Eypór var fjærverandi rúman mánaðar tíma, þangað til byrjuð var rjettarrannsókn gegn þeim 1. dag ágústmán. þ. á., og voru bæði hin ákærðu sett í varðhald sama dag. Var Rannveig enn í varðhaldi þegar undirrjettardómurinn var kveðinn upp, en Eypór var heptur rúman hálfan mánuð. Að því leyti málishöfðunin gegn Rannveigu einnig náði til þess, að hún á sínum tíma hefði ranglega kennt manni barn, þá var hún dæmd sýkn af þeirri ákæru, og með



því málinu eigi hefur verið áfrýjað af hálfu hins opinbera, kemur þetta atriði eigi til álíta fyrir yfirdóminum.

Eins og áður er á vikið hafa hin ákærðu bæði kannast við, að þau, þótt þeim hefði verið birt amtsbann gegn því að búa saman, hafi búið í sama húsi um alllangan tíma, sem sje, frá því snemma í nóvbr. 1877 til júlímánaðarloka 1878 að rúmum mánaðar tíma fráskildum, en þau hafa á hinn bóginn stöðugt og fastlega neitað því, að sambúð þeirra eða vera í sama húsi hafi verið hneixlanleg, og heldur ekki hefur neitt sannast upp á þau í þá átt af vitnaleiðslu þeirri eða vitnaþrófi, sem undirdómurinn hefur haldið, nje á annan hátt.

Það er nú að vísu svo, að áminningarbrjef amtsins segir, að þau megi ekki búa í sama húsi þegar búið sje að birta þeim áminninguna, en þetta bann amtsins verður yfirdómurinn að skilja á þá leið, að það sje bundið eða tengt því skilyrði, sem segir í 179. gr. almennra hegningarlaga fyrir Ísland, að sambúðin sje hneixlanleg, enda er þetta ljóslega tekið fram í niðurlagi áminningarbrjefsins, þar sem brýnt er fyrir hinum ákærðu, hverju það varði, ef þau brjóti bann amtsins. Með því nú engar sannanir eru framkomnar fyrir því, að sambúð hinna ákærðu hafi verið hneixlanleg eptir að þeim var birt áminningarbrjef amtsins um að skilja að samvistum, nje heldur neitt sannað um, að sambúð þeirra áður en amtsbannið var birt þeim hafi verið hneixlanleg, þannig að sambúð þeirra út af fyrir sig upp frá því hlyti að álítast hneixlanleg, verður yfirdómurinn, að álíta hin ákærðu, sem ekki áður, að því leyti það er upplýst, hefur verið hegnt fyrir neitt afbrot, ekki sjeu sek orðin í broti því, sem 179. hegnl. ræðir um, og að því beri að dæma þau sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli.

Að því málskostnað snertir, þá ber hinum ákærðu

